

Greinargerð vegna 200 (190) daga samkomulags í Helgafellsskóla

Í Krikaskóla í Mosfellsbæ hefur verið 200 daga skóli fyrir nemendur frá árinu 2009. Reynslan af því fyrirkomulagi hefur verið góð og þess vegna var ákveðið af bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ að fara sömu leið með nemendur yngsta stigs í Helgafellsskóla.

Krikaskóli er eingöngu með yngsta stig grunnskólans og leikskólastig en Helgafellsskóli er að auki með miðstig og unglingastig. Af þeim sökum hafa verið þrjú skóladagatöl í Helgafellsskóla, tvö fyrir grunnskólastig og eitt fyrir leikskólastig.

Þetta hefur verið flókið verkefni. Yngsta stig byrjar fyrr á haustin en mið- og unglingastig og hættir seinna á vorin. Af þeim sökum hefur verið erfitt að vera með fræðslu fyrir kennara og samvinnu milli stiga á starfsdögum kennara að vori og hausti þar sem skipulagsdagarnir eru ekki á sömu dögum.

Sérgreinakennarar kenna á öllum stigum svo þeir hafa ýmist verið í 200 daga samkomulaginu eða ekki. Það gerir það að verkum að þeir sem eru það ekki hætta að kenna áður en skólaárið hjá yngsta stigi er búið og því þarf að endurskipuleggja allar stundatöflur þegar mið - og unglingastig hættir að vori.

Undanfarin ár hefur mikið verið um leyfisbeiðnir fyrir nemendur þá vordaga sem skólinn starfar lengur og síðastliðið vor var upp í 25% nemenda yngsta stigs í leyfi. Foreldrar hafa meðal annars gefið þá skýringu að erfitt sé að halda börnum sem eiga eldri systkini í skólanum þegar hitt/hin börnin eru komin í sumarleyfi.

Það er því ósk frá kennurum og stjórnendum í Helgafellsskóla að skólinn verði á öllum stigum grunnskólans 180 daga frá og með næsta skólaári til að einfalda allt samstarf, samvinnu og skipulag. Frístund er samofin skólastarfinu og myndi taka við þeim dögum sem áður hafa verið kennsludagar bæði að hausti og vori og geta þá foreldrar sem vilja og þurfa sótt um þar.

Rósa Ingvarsdóttir, skólastjóri Helgafellsskóla.